


VEIÐI

dagbók

fyrir veiðimenn



VEIÐISTJÓRA
EMBÆTTIÐ
HAFNARSTRETI 97
600 AKUREYRI

Remington.

C O U N T R Y



UMBOD Á ÍSLANDI:

Veidiland

SÍMI: 567 6988 • FAX: 567 6981 • FARSÍMI: 894 3095

BYSSUSMIÐJA AGNARS

Kársnesbraut 100 – Sími 554 3240

Fullkomin viðgerðarþjónusta fyrir allar gerðir af skotvopnum.

Byssublámun (heitblámi og rustblámi). Set mismunandi þrengingar í hlaup. Rétti dældir í hlaupi. Sjónauka-ásetning og stilling. Sérpanta sjónauka og sjónaukafestingar á allar gerðir af byssum. Sérsmíða skefti og lagfæri skefti eftir þörfum. Allar byssur skoðaðar fyrir viðgerð, til dæmis skotstæði mælt, hlaup skoðað að innan, öryggi athugað, verkið yfirfarið, útslag á pinna mælt og fleira. **Örugg, vönduð og fljót þjónusta í fyrirrúmi.**



DAN ARMS
FREDENSKVÆRK

HAGLASKOT

REDFIELD

SJÓNÁUKAR

Á morgun? Ef ég hefði viljað fá hana á morgun þá hefði ég komið með hana á morgun.

Veidideild

ALLT FYRIR SKOTVEIDIMANNINN



Máfar



Silamáfur

Fullorðinn sumar. Er minni samanborið við Svartbak, með gula fætur, ljósara grásvart bak, sem er ljósara en vængendar, og minni hvíta bletti á svörtum vængenda.



Silfurmáfur

Fullorðinn sumar. Ljósblágrár að ofan og líkist einkum Stormmáfi en er stærri og hefur sterklegt gult nef með rauðum bletti. Fætur geta verið ljósrauðir eða e.t.v. meira rauðgulir.



Svartbakur

Fullorðinn sumar. Líkist Silamáfi en er stærri og sterkbyggðari. Auk þess er bakið svartara og hvítu blettirnir í vængenda stærri. Fætur eru ljósrauðir.

Hvítmáfur

Fullorðinn vetur.

Enn ljósari blágrár en silfurmáfur og með alveg ljósa vængenda (kanadískur bjartmáfur hefur þó gráa

vængenda). Búningaskipti eru eins og hjá hvítmáfi sem er stærri og stórgerðari. Á fullorðnum fugli í vetrarbúningi er höfuðið gráðilótt eins og hjá öðrum stórum máfum.



Bjartmáfur

Fullorðinn sumar.

Mjög stór og ljós blágrár, ólíkt silfurmáfi með ljósa vængenda. Í öllum búningum líkist hann bjartmáfi sem er minni og spengilegar vaxinn.

Efnisyfirlit

	Bls.
Máfar	2
Frá Veiðistjóraembættinu	4
Refa- og minkaveiðar 1995	5
Gjaldskrá	7
Vængir af rjúpum og andfuglum	8
Fuglamerki, hvað á að gera við þau?	10
Stefna og starfsemi Skotveiðifélags Íslands	13
Hvernig á að aldursgreina gæsir og endur?	16
Skyldulesning veiðimanna	17
Friðuð svæði þar sem veiðar eru bannaðar	20
Reglugerð um refa- og minkaveiðar	22
1. viðauki	28
2. viðauki	29
Reglugerð um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna	31
Dagatal veiðimanna 1996	44
Veiðiskýrsla	45
Skrá um fugla	53
Endur	54

Tekið úr bókinni „Fuglar á Íslandi og öðrum eyjum í Norður-Atlantshafi“ eftir Sören Sörensen og Dorete Bloch. Teikningar eftir Steen Langvad. Þýtt af Erling Ólafssyni. Birt með leyfi Bókautgáfunnar Skjaldborgar.

Frá Veiðistjóra

Nú er komin út fyrsta veiðidagbók veiðistjóraembættisins. Ef henni verður vel tekið mun hún koma út árlega.

Í bókinni er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem við viljum koma á framferi við veiðimenn en mikilvægast í henni er dagbókarformið þar sem veiðimenn geta skráð árangurinn eftir hvern veiðidag. Í framtíðinni mun þetta stuðla að betri og nákvæmari veiðiskýrslum. Aftast er samantektarblað fyrir heildarveiðina sem fara skal á veiðiskýrsluna til veiðistjóra í lok ársins.

Bókin sjálf og allar upplýsingar sem skráðar eru í hana er eign veiðimannsins. Hann getur skráð frá ári til árs staðhætti, veður, hegðun veiðidýranna og yfirlitt allt sem skiptir máli og aukði þannig þekkingu sína og reynslu sem veiðimaður.

Bókin er í plastkáu til að hlífa henni þegar veiðimenn bera hana á sér við veiðar. Innan á kápusíðunum eru vasar sem hentugt er að geyma í veiðikortid og byssuleyfð sem allir þurfa að hafa með sér. Kápan ætti að endast meira en árið, svo þegar ný bók kemur að ári liðnu er kápan tekin af og sett á hana.

Fyrsta ár veiðikortakerfisins er nú liðið. Almennt má segja að því hafi verið mjög vel tekið og alls voru gefin út 11.574 kort. Skil á veiðiskýrslum sem sendar voru til korthafa um síðustu áramót hafa líka verið með ágætum og það sýnir að veiðimenn eru áhugasamir og vilja leggja sitt að mörkum til að kerfið virki sem best og upplýsingar um veiði verði sem bestar og áreiðanlegastar. Það er líka annar aðaltúlgangurinn með veiðikortakerfinu að fylgjast með veiðilagi og veiðihóli stofnanna. Þannig er best tryggt að veiðimenn geti haldið áfram að njóta íslenskrar náttúru á þann hátt sem þeir kjósa, það er að segja með veiðum.

Útlit veiðikortsins í ár er nokkuð breytt frá fyrra ári. Við vonum að þessi breyting falli veiðimönnum í geð, en ábendingar um útlitið eru eins og allar aðrar ábendingar vel þagnar.


Þegar form kortsins var ákveðið í fyrsta sinn var tekið mið af skotvopnaskirteinunum en þessi tvö kort eru nátengd, svo tengd að segja má að þau séu óaðskiljanleg. Veiðimaður verður að bera bæði á sér við veiðar ásamt fullgildum persónuskilríkjum. Í framhaldi af því hefur komið til tals að hafa á kortinu mynd af handhafa þess til þess að ekki þurfi að bera á sér önnur persónuskilríki. Gott væri að heyra álit veiðimanna á þeirri hugmynd.

Þessi dagbók er tilraun, margt er eflaust í henni sem sumir telja sig ekki hafa neitt gagn af og annað vantar sem menn hefðu viljað sjá. Allar ábendingar um efnisval í dagbókina í framtíðinni eru vel þagnar.

Refa- og minkaveiðarnar 1995


Á árinu veiddust alls 3.023 refir og 5.468 minkar. Þetta eru heldur færri dýr en árið áður. Þetta þarf ekki endilega að þýða að stofnar þessara dýra séu hættir að vaxa, heldur geta ýmsir umhverfisþættir eins og óvenju harður vetur haft áhrif.

Fjöldi veiddra refa og minka 1971-1995



Refaveiðin hefur farið jafnt og þétt vaxandi síðustu 20 árin þar til nú. Meiri sveiflur hafa verið í minkaveiðinni og hefur hún náð hámarki með reglulegu millibili, síðast árið 1993. Topparnir í veiðinni hafa sífellt farið hækkandi sem bendir til að stofninn sé ennþá í vexti og minkurinn sé enn að nema land þrátt fyrir allar aðgerðir til að reyna að hefta útbreiðslu hans.

Skipting kostnaðar við refa- og minkaveiðar 1990-1995



Sveitarfélögin leggja meiri áherslu á refaveiðar en minkaveiðar. Aldagömul hefð er fyrir refaveiðum en minkurinn hefur einungis verið í landinu í rúma hálfu öld. Ef skipting útgjalda er notuð sem mælikvarði á mikilvægi þessara veiða kemur í ljós að á undanförunum árum hafa 64% farið til refaveiða en 36% til minkaveiða.

Rétt er að vekja athygli á að samkvæmt reglugerð nr. 437/1995 er almennum veiðimönnum aðeins heimilt að veiða refi á tímabilinu frá 1. ágúst - 30. apríl. Refaveiðar utan þessa tímabils eru einungis heimilar til þess ráðnum skotmönnum á vegum sveitarfélaga, og þá í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tjón af völdum refa. Minkaveiðar eru hins vegar heimilar allan ársins hring.

Gjaldskrá

Umhverfisráðuneytið hefur ákveðið eftirfarandi viðmiðunartaxta launa grenjaskyttna og minkaveiðmanna og verðlauna fyrir löglega unna refi og minka fyrir uppgjörstímabilið september 1995 - ágúst 1996:

Refir utan grenja, (hlaupadýr):	1.400 kr
Fullorðin grendýr:	1.000 kr
Yrðlingar:	450 kr
Minkar:	1.200 kr

Tímakaup grenjaskyttna og minkabana	650 kr/klst
Hestaleiga	1.450 kr/dag

Aksturstaxtar verði samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins, en þeir voru þann 1. janúar 1996 sem hér segir:

Á bundnu slitlagi:	33,95 kr./km.
Á malarvegum	39,20 kr./km.
Utan vega	49,95 kr./km.


Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 437/1995 er veiðistjóra og sveitarstjórn heimilt að skipuleggja refaveiði að vetrarlagi í stað grenjavinnslu þar sem það þykir betur henta.

Vængir af rjúpum og andfuglum

Á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur undanfarin ár verið safnað vængjum af rjúpum, öndum og gæsnum frá veiðimönnum. Vængirnir gefa mikilvægar upplýsingar um stofna þessara veiðidýra sem nýtast við rannsóknir á ástandi þeirra. Þær upplýsingar sem fást eru hlutföll ungfugla í veiðinni sem aftur gefur vísbendingu um hvernig varp heppnaðist sumarið fyrir veiðitímann og breytingar á þessum þætti milli landshluta. Hjá öndum má einnig fá kynjahlutfall í veiðinni.

Náttúrufræðistofnun Íslands hvetur veiðimenn til að senda inn vængi af fuglum ofangreindra tegunda og leggja þannig rannsóknnum á stofnum veiðidýra lið. Þegar búið er að greina vængina verða niðurstöður teknar saman og þáttakendur fá skýrslu. Vilji menn senda inn vængi er eingöngu hægrí vængur klipptur af. Menn eru beðnir að flokka sýnin eftir svæðum samanber með fylgjandi kort. Hjá rjúpunni nægir að klippa af vænginn við olnboga þannig að handflugfjaðrirnar fylgi með. Hjá öndum og gæsnum er aftur á móti best að fá sem mest af vængnum því axlarflugfjaðrir eru notaðar til greiningar. Ef vængirnir eru geymdir áður en þeir eru sendir er best að geyma þá lausa þannig að þeir þorni en alls ekki í plasti því þá úldna þeir og mygla. Gott er þó pósthjónustunnar vegna að pakka þeim í plast fyrir sendingu.

Vængina á að senda til Arnórs Þ. Sigfússonar (endur og gæsir) eða Ólafs K. Nielsen (rjúpur), Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 - Reykjavík.



Fuglamerki

Hvað á að gera við þau?

Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum til þess að afla upplýsinga um lifnaðarhætti þeirra, ferðir, líflengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthöfundur merkingastöðvar og ræðtala, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 300.000 fuglar hafa verið merktir. Aðeins örlítill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og því ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttra aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum.

Ef finnur merktan fugl, þá vinsamlegast sendu upplýsingar um fundinn til

Náttúrufræðistofnunar Íslands

Fuglamerkingar
Pósthólf 5320
IS-125 Reykjavík

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hvernig tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (dauður, vængbrotinn, var skotinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður. Lifandi fuglum, við góða heilsu, skal sleppt aftur með merkinu á). Þeir sem skjóta merkta rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.


Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið,

Náttúrufræðistofnun Íslands

sími 562 9822, símbref 562 0815

HVER GÆTIR HAGSMUNA ÞINNA?



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

HLEMMI 3 • BOX 4181 • 124 REYKJAVÍK • SÍMI 551 4574 • FAX 551 4584

Stefna og starfsemi Skotveiðifélags Íslands

Skotveiðifélag Íslands var stofnað árið 1978 en á þeim tíma var uppi talsverður ágreiningur milli skotveiðimanna annarsvegar og landeigenda hinsvegar um eignarhald á heiðarlöndum.

Markmið félagsins, samkvæmt lögum þess, er „að standa vörð um hagsmuni og réttindi skotveiðimanna á Íslandi“. Innan vébanda Skotvís eru nú um 750 félagsmenn og hefur þeim fjölgað mjög ört síðustu 2 árin.

Allt frá upphafi hafa svokölluð landréttarmál verið einn af mikilvægstu málaflokkum Skotvís, þ.e. réttindi skotveiðimanna og annarra landsmanna til að ganga um og nýta heiðalönd og óbyggð landsvæði, svo sem almenninga og afrétti í óbyggðum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að bændur og aðrir svokallaðir landeigendur hafa ríka tilhneigingu til að helga sér lönd og eignarrétt á löndum langt umfram það sem þeim ber og er stætt á skv. lögformlegum og fullgildum gjörningum (afsölum t.d.). Er skemmt að minnast dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í málum Landsvirkjunar og 5 hreppa í Húnaþingi og Skagafirði um eignarrétt á Eyvindarstaða- og Auðkúluheiðum. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að hrepparnir hefðu ekki getað sýnt fram á að þeim hafi verið afsalaður fullkominn eignarréttur yfir þessum landsvæðum og því væru heiðar þessar almenningur og öllum opnar til skotveiða.

Enda þótt Skotvís hafi ekki átt aðild að þessu máli, sýnir það ásamt hæstaréttardómi varðandi Geitland 1994, að miklir atburðir eru að gerast í landréttarmálum um þessar mundir og því afar mikilvægt að skotveiðimenn reyni að hafa sem mest áhrif í þessum efnum. Í þessu skyni stofnaði Skotvís sérstakan landréttarsjóð

á aðalfundi sínum 1995. Sjóðurinn á að styrkja einstaklinga sem eiga í málarekstri vegna deilna um veiðar á umdeildum landsvæðum.

Starfsemi Skotvís er mjög fjölbætt. Félagið hefur verið mjög stórtækt í útgáfumálum og hefur gefið út fréttabréf 2-4 sinnum á ári. Félagið hefur haft samstarf við Sportveiðiblaðið síðustu 3 árin og hafa félagsmenn fengið blaðið ókeypis. Á síðasta ári gaf félagið út glæsilegt skotveiðitímarit - SKOTVÍS fagrit um skotveiðar og útivist - og var það prentað í 3000 eintaka upplagi. Þetta tímarit er komið til að vera og er gert ráð fyrir að það komi út einu sinni á ári.

Skotvís stendur fyrir fundum og ráðstefnum um málefni skotveiða. Þar má nefna ráðstefnu 1994 um rjúpunna. Þær upplýsingar sem þar komu fram áttu stóran þátt í því að ekki kom til styttingar rjúpnavertíðar 1994 eins og 1993. Á síðasta ári var haldin ráðstefna um skotveiðar í nútímasamfélagi. Félagið hefur mánaðarlega fundi („opið hús“) í Fógetanum í Reykjavík þar sem ýmis mál eru rædd, svo sem ástand veiðistofna, meðferð skotvopna og fleira. Þessir fundir eru alltaf vel sóttir. Ennfremur hefur nefnd á vegum Skotvís séð um kennslu á námskeiðum fyrir verðandi byssuleyfishafa í samvinnu við Lögregluna í Reykjavík

Hér hefur aðeins verið minnst á nokkra mikilvæga þætti í starfsemi Skotveiðifélags Íslands. Skotvís er eina félag skotveiðimanna á Íslandi sem starfar á landsvisu og nær til skotveiðimanna um land allt. Af þeim sökum er félagið sá aðili sem stjórnvöld leita helst til varðandi lög og reglur um skotveiðar. Skotvís starfar því oft fyrir alla skotveiðimenn enda þótt aðeins lítill hluti þeirra hafi veitt félaginu formlegt umboð til þess með félagsaðild. Á þessu þarf að verða breyting ef verulegur árangur á að nást í málefnum skotveiða hér á landi.

Samtök skotveiðimanna á Norðurlöndum hafa innan sinna vebanda tugi þúsunda og jafvel hundruð þúsunda félagsmanna og Bandarískir skotmenn (NRA) eru í milljónatali í einum samtökum. Skotveiðimenn á Íslandi verða auðvitað aldrei svo fjölmennir

en ætla má að þeir séu hátt í 20 þúsund og þar af hafa 11.500 látid skrá sig fyrir veiðikorti.

Er ekki löngu orðið tímabært að íslenskir skotveiðimenn „komi út úr byssuskápnnum“ og gangi í SKOTVÍS -sitt félag- allir sem einn?!

Með þessum bæklingi fylgir inngöngubeiðni í Skotvís. Fylltu hana út og sendu um hæf- STRAX Í DAG- . Þú ert skotveiðimaðurinn (karl eða kona) sem okkur vantar í félagið!

Með skotveiðikveðju.

*Ólafur Karvel Pálmason,
formaður Skotvís*



Beretta
dal 1526

BRNO ARMS


SIMMONS

HOPPE'S

ÍSNES HF.
Höfðabakka 9c
112 Reykjavík
Sími: 587-9090
Fax: 587-9590

Hvernig á að aldursgreina gæsir og endur?

Þessi spurning er mjög algeng hjá veiðimönnum og svörin eru oft margvísleg. Menn nota lit fuglanna og ein aðferð sem virðist algeng er að rífa upp í sundfitina og dæma aldur eftir því hve auðveldlega hún rifnar. Öruggasta aðferðin er þó að nota vængi eða stélfjaðrir til að þekkja unga sumarsins frá fullorðnum fuglum. Bæði á gæsnum og öndum eru stélfjaðrir unganna skertar í endann á meðan stélfjaðrir fullorðnu fuglanna eru yddar. Á gæsnum er cinnig hægt að skoða vængþökurnar til aldursgreiningar. Minni vængþökurnar á ofanverðum vængnum eru nær þverstýfðar en á ungfuglinum eru þær ávalar (sjá mynd). Þá eru jaðrar vængþakanna á fullorðna fuglinum með skýrum ljósum jaðri sem er ógreinilegri á ungfuglinum.



Skyldulesning veiðimanna údráttur úr lögum og reglugerðum

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbýla enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru fríðaðir nema þeir sem fríðun hefur verið aflétt á eins og hér segir:

1. Allt árið: Svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur hrafn
2. Frá 20. ágúst til 15. mars: Grágæs, heiðargæs.
3. Frá 1. september til 15. mars: Fýll, dílaskarfur, toppskarfur, blesgæs, helsingi, stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, hvítmáfur, hettumáfur, rita.
4. Frá 1. september til 10. maí: Álka, langvía stuttnefja, teista, lundi.
5. Frá 15. október til 22. desember: Rjúpa.
6. Heimilt er að veiða kjóa í og við friðlýst æðarvarp á tímabilinu 15. apríl til 14. júlí.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum.

Þar sem eggja- eða unगतaka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Veiðar þessar hefjast ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl og heimilt er að veiða mink allt árið um allt land, nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta frihendis frá öxl. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar er m.a. óheimilt að nota.

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýlsúlu- og skarfsungum.
4. Net nema háf við lunda-, álku-, stuttnefju-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótþoga eða gildirur.
8. Rafbúnað sem getur drepíð eða rotað.
9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blindar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.
14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhlaðnar fjöl-skotabyssur (pumpur) og hálf sjálfvirk með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
15. Lifandi dýr sem bandingja.

16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.

17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiárinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði. Veiðiár telst vera frá 1. janúar til 31. desember.

Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Sá sem óskar eftir að fá veiðikort sitt endurnýjað útfyllir og skrifar undir umsókn þess efnis, fyllir út veiðiskýrslu og sendir hvort tveggja til veiðistjóra-embættisins. Þar er veiðiskýrslan skilin frá umsókninni og veiðimanni sent nýtt kort gegn póströfu. Veiðistjóraembætti er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman nafn korthafa og veiðiskýrslu hans.

Handahafa veiðikorta ber að skila veiðiskýrslu þótt ekki sé óskað endurnýjunar á veiðikorti.

Tilkynning frá Náttúruverndarráði

um friðuð svæði þar sem veiðar eru bannaðar

Á eftirtöldum svæðum sem eru friðuð skv. lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd eru allar veiðar bannaðar, nema annars sé getið. Allar nánari upplýsingar um svæðin er að finna í viðeigandi auglýsingum í B-deild Stjórnartíðinda.

Sérstök athygli veiðimanna er vakin á því að þó að veiðar séu heimilár frá friðuðum svæðum ber að afla leyfis landeigenda.

Veiðimenn eru minntir á reglur um akstur utan vega, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 433/1993.

Svæði	augl. nr.	athugasemdir
Ástjörn	189/1978	
Borgir	269/1981	
Búðahraun	357/1979	
Bögvisstaðafjall	432/1994	rjúpnaveiðar eru heimilár.
Díma í Lóni	523/1975	
Dverghamrar	446/1987	
Dyrhólaey	101/1978	hlunnindanýting bænda er heimilár.
Eldey	119/1974	
Esjufjöll	188/1978	
Flatey	395/1975	bændum er heimilt að bærgja frá vargi.
Geitland	283/1988	
Gróttá	13/1984	
Gullfoss	141/1979	
Hamarinn	188/1984	
Herdísarvík	121/1988	
Herðubreiðarfriðland	272/1974	meindýraveiðar bænda eru heimilár.
Hornstrandir	332/1985	
Hólmanes	393/1973	meindýraveiðar til varnar æðavarpri eru heimilár.
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	

Hrisey	425/1977	meindýraveiðar til varnar æðavarpri eru heimilár.
Hrútey í Blöndu	521/1975	meindýraveiðar eru heimilár með leyfi bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
Húsafellsskógur	217/1974	
Hvannalindir í Krepput.	32/1973	
Ingólfshöfði	388/1978	
Jökulsárgljúfur	359/1993	
Kringilsárrani	524/1975	
Lónsöræfi	31/1977	réttur landeigenda er óskertur til veiða.
Melrakkacy	118/1974	
Miklavatn	29/1977	eyðing meindýra er heimilár.
Fólkv. Neskaupsstaðar	333/1972	eyðing meindýra er heimilár með leyfi Náttúruverndarnefndar Neskaupsstaðar.
Oddaflóð	634/1994	fuglaveiðar eru óheimilár.
Ósland	427/1982	eyðing meindýra er heimilár samkvæmt ákvörðun stjórnar fólkvangsins.
Pollengi og Tunguey	457/1994	fuglaveiðar eru óheimilár.
Salthöfði og Salthöfðamýrar	249/1977	eyðing meindýra er heimilár.
Skaftafell	319/1984	
Skógafoss	477/1987	
Skrúður	513/1995	ábúenda er heimilár hlunnindanýting.
Spákonufellshöfði	444/1980	
Ströndin við Stapa og Hellna	284/1988	fuglaveiðar eru óheimilár.
Surtsey	122/1974	
Friðland í Svarfaðardal	443/1980	fuglaveiðar eru óheimilár.
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	fuglaveiðar eru óheimilár.
Varmárósar	506/1987	
Vatnsfjörður	96/1975	fuglaveiðar eru óheimilár nema með sérstöku leyfi.
Vestmannsvatn	30/1977	eyðing meindýra er heimilár.
Víghólar	778/1981	
Þingvellir	lög nr. 59/1928	meindýraveiðar eru heimilár.
Þjórsvær	507/1987	

Reglugerð um refa- og minkaveiðar

Orðskýringar

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Friðun: Bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu refa eða minka.

Veiðar: Að handsama eða drepa refi og minka.

Tjón af völdum refa og minka: Fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.

Markmið og umsjón veiða

2. gr.

Veiðistjóri hefur umsjón með opinberum aðgerðum til að meta og draga úr tjóni af völdum refa og minka. Í því skyni stundar veiðistjóri hagnýtar rannsóknir í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðrar stofnanir eða einstaklinga eftir því sem þörf krefur. Niðurstöður rannsókna skulu birtar opinberlega og lagðar til grundvallar aðgerðum til að draga úr tjóni af völdum refa og minka.

3. gr.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl um allt land, nema á svæðum þar sem veiðar eru bannaðar skv. sérstökum reglum sem settar eru á grundvelli laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, sbr. 1. viðauka.

Heimilt er að veiða mink allt árið um land allt, nema á svæðum þar sem umhverfisráðherra hefur auglýst friðun hans tímabundið í rannsóknaskyni og á svæðum þar sem veiðar eru bannaðar skv. sérstökum reglum sem settar eru á grundvelli laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, sbr. 1. viðauka.

Á eignarlöndum eru refa- og minkaveiðar einungis heimilar með leyfi veiðiréttarhafa.

4. gr.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóra, að veiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum refa og minka er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn til grenjavinnslu og minkaveiða árlega. Svæði sem hér um ræðir eru tilgreind í 2. viðauka. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarfélög fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón veiðanna.

Telji sveitarstjórn og veiðistjóri ekki þörf á að stunda grenjavinnslu og minkaveiðar á hluta þeirra svæða sem tilgreind eru í 2. viðauka er þeim heimilt með samþykki umhverfisráðherra að gera með sér samkomulag um takmörkun veiða á svæðinu.

Eftirlit með því að sveitarfélög sjái um refa- og minkaveiðar er í höndum veiðistjóra.

Sérákvæði um refaveiðar

5. gr.

Á grenjatíma, sem telst vera frá 1. maí til 31. júlí, eru refaveiðar heimilar skotmönnum sem ráðnir eru til grenjavinnslu skv. 4. gr. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi safar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum ráðnum skv. 4. gr. um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

Skotmenn sem ráðnir eru samkvæmt 4. gr. skulu einnig vera til reiðu á grenjatíma ef refir valda tjóni og greni þeirra finnast eigi.

Þar sem veiðistjóra og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiði að vetrarlagi í stað grenjavinnslu.

6. gr.

Menn sem ráðnir eru til grenjavinnslu skulu aðeins leita einu sinni á hverju sumri á hverju þekktu greni á viðkomandi svæði.

Telji sveitarstjórn þörf á að leita áður óþekktra grenja skal haft um það samráð við veiðistjóra og skal kostnaðaráætlun samþykkt af veiðistjóra áður en leit hefst.

Grenjaskyttur skulu vera vel vopnum búnað og kappkosta að vinna hvert greni á sem stystum tíma.

Séu dýrabogar lagðir fyrir yrðlinga í grenjum skal búa þannig um bogana að sem minnst hætta sé á að yrðlingar meiðist. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr. Ekki má yfirgefa greni þar sem bogar hafa verið lagðir fyrir yrðlinga. Yrðlingar skulu aflífaðir á skjótvirkann hátt.

7. gr.

Skyllt er að ganga vel um greni og skilja þar ekkert rusl eftir. Heimilt er að merkja greni með því að hlaða smávörðu eða byrgi í námunda við það.

Óheimilt er að eyðileggja greni.

Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatíma né hafa þar óþarfa umgang.

Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni og er grenjaskyttum skyllt að viðhalda henni með upplýsingum um ný greni sem þeir kunna að finna. Afrif af grenjaskrá skal vera í vörslu veiðistjóra.

Sérákvæði um minkaveiðar

8. gr.

Menn sem ráðnir eru til minkaveiða skulu að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní. Þar sem sveitarstjórn og veiðistjóra þykir betur henta má skipuleggja minkaveiðar á öðrum árstímum.

Skyllt er að ganga þannig um minkabæli að ekki hljóti landspjöll af.

Ráðnir minkaveiðimenn skulu leita meðfram sjó, ám og vötnum þar sem líklegt telst að minkabæli finnist.

Minkaveiðimenn skulu vera vel tækjum búnir og hafa með sér vana minkaveiðihunda ef þess er nokkur kostur.

Séu gildir lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi sem minnst hætta af. Ef fótbogar og dauðagildir eru notaðar skal búa um þær þannig að minkurinn láti lifið á sem skjótastan hátt. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr.

Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.

Leiðbeiningar og uppgjör vegna veiða

9. gr.

Skyllt er veiðistjóra að leiðbeina grenjaskyttum og minkaveiðamönnum, sem sveitarfélög semja við um refa- og minkaveiðar, um veiðiaðferðir, veiðitækni og búnað við veiðar. Veiðistjóri skal og veita allar upplýsingar og aðstoð sem tók eru á, halda námskeið fyrir veiðimenn eftir þörfum og gera tilraunir með ný tæki og veiðiaðferðir.

Grenjaskyttur og minkaveiðmenn, sem sveitarfélög semja við um refa- og minkaveiðar, skulu í starfi stuðla að aukinni þekkingu á refum og minkum í samvinnu við veiðistjóra og láta í té sýni úr felldum dýrum sér að kostnaðarlausu, fari veiðistjóri fram á það eða aðrir sem hann samþykkir.

10. gr.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa grenjaskyttna og minkaveiðmanna og verðlauna fyrir löglega unna refi og minka. Verðlaun fyrir unnin dýr skulu aðeins greidd sé skott af hverju unnu dýri lagt fram til sönnunar. Gildir þetta jafnt um ráðnar grenjaskyttur og minkaveiðimenn sem aðra.

Vilji veiðimaður hagnýta sér skinn af unnu dýri getur hann sannað veiði sína með því að leggja skinnið fram hjá sveitarstjórn. Skal þá skinnið auðkennt með merkibleki á innanvert skottið og skal stungið í merkið með oddhvassri nál.

Við uppgjör skulu grenjaskyttur og menn sem ráðnir eru til minkaveiða leggja fram sundurlíðaða reikninga og útdrátt úr dagbók þar sem skráð er hvar og hvenær grenjaleit og veiðar fóru fram. Skulu afrit af kvittunum og útdráttur úr dagbók fylgja árlegu reikningsyfirliti til veiðistjóra, sbr. 11. gr.

11. gr.

Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár. Skykt er oddvitum, sveitarstjórum, bæjarstjórum og öðrum þeim, er sjá um framkvæmd refa- og minkaveiða, að senda veiðistjóra skýrslu um veiðina ásamt reikningsyfirliti innan 6 vikna frá lokum uppgjörstímabils.

Veiðistjóri endurskoðar reikninga vegna refa- og minkaveiða. Úrskurði veiðistjóri að reikningar séu réttir og hóflegir endurgreiðir ríkissjóður viðkomandi sveitarfélagi helming útlagðs kostnaðar við veiðarnar.

Veiðistjóri skal árlega birta upplýsingar um veiðarnar og kostnað við þær.

Vanræki sveitarstjórn að framfylgja fyrirmælum þessarar greinar er umhverfisráðherra heimilt að svipta það sveitarfélag framlagi því úr ríkissjóði sem gert er ráð fyrir í reglugerðinni, eitt ár í senn.

Refsiákvæði

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessarar varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, upptöku skotvopna og sviptingu veiðileyfis, sbr. 19. gr. laga nr. 64/1994. Mál út af slíkum brotum sæta meðferð opinberra mála.

Heimildarákvæði

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7., 12. og 13. gr. laga nr. 64/1994 um vörnd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 358/1994 um að aflétta friðun refa og um veiðar á refum og minkum.

Umhverfisráðuneytið, 31. júlí 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson
Sigurður Á. Þráinsson

Bliki - tímarit um fugla



Bliki er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Fugla-vernðarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og pistlar um fugla á Íslandi og ýmislegt er að fuglum lýtur. Ómissandi lesefni fyrir alla náttúruvunnendur.

Bliki hefur komið út a.m.k. einu sinni á ári síðan 1983 (alls 16 hefti). Verð nýrra hefta er breytilegt (um 1000 kr) við útgáfu. Flest eldri hefti eru enn fáanleg og fást með miklum afslætti (500 kr eintakið).

**Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands,
Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.
Sími 562 9822. Bréfasími 562 0815.**

1. VIÐAUKI

**Friðlýst svæði, skv. lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd,
þar sem veiðar eru óheimilar, sbr. 10. gr. laga nr.
64/1994.**

Veiðar eru óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs.
Þar má nefna eftirtalin svæði:

Heiti	Eðli friðlýsingar	Auglýsing í Stjórnartíð.
Ástjörn	fríðland	189/1978
Borgir	náttúruvætti	269/1981
Búðahraun	fríðland	357/1979
Díma í Lóni	náttúruvætti	523/1975
Dverghamrar	náttúruvætti	446/1987
Eldey	fríðland	119/1974
Esjufjöll	fríðland	188/1978
Geitland	fríðland	283/1988
Grötta	fríðland	131/1984
Gullfoss	fríðland	141/1979
Herdísarvík	fríðland	121/1988
Hornstrandir	fríðland	332/1985
Hraunfossar og Barnafoss	náttúruvætti	410/1987
Húsafellsskógur	fríðland	217/1974
Hvannalindir	fríðland	32/1973
Ingólfshöfði	fríðland	388/1978
Jökulsárgljúfur	þjóðgarður	359/1993
Kringilsárrani	fríðland	524/1975
Melrakkaey	fríðland	118/1974
Skaftafell	þjóðgarður	319/1984
Skógarfoss	náttúruvætti	477/1987

Spákonufellshöfði	fólkvangur	444/1980
Surtsey	fríðland	122/1974
Varmárósar	fríðland	506/1987
Víghólasvæðið	náttúruvætti	778/1983
Þjórsárver	fríðland	507/1987

2. VIÐAUKI

**Svæði þar sem refa- og minkaveiðar skulu stundaðar, sbr.
12. gr. laga nr. 64/1994.**

Til þess að draga úr tjóni af völdum refa og minka skal stunda skipulega grenjaleit, grenjavinnslu og minkaveiðar um allt land á öðrum svæðum en þeim sem óheimilt er að veiða á, sbr. 1. viðauka, og á svæði á miðhálandi landsins sem afmarkast af línu er hugsast dregin milli eftirtalinnna hnita, sbr. kort Landmælinga Íslands:

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla

1. ÞÓRISJÓKULL, hæðarpunktur 1350
2. EIRÍKSJÓKULL, hæðarpunktur 1675
3. VEÐITJÖRN, vesturendi

Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla

4. HALLDÓRSHÓLL, hæðarpunktur 475
5. SAUÐAFELL, hæðarpunktur 679

Skagafjarðarsýsla

6. SANDFELL, hæðarpunktur 827

Suður-Þingeyjarsýsla

7. SANDMÚLAVATN, norðurendi
8. BLÁFJALL, hæðarpunktur 1222
9. BÚRFELL, hæðarpunktur 953
10. ÁRMÓT JÖKULSÁR Á FJÖLLUM OG SKARDSÁR

Norður-Múlasýsla

11. ÞRÍHYRNINGUR, hæðarpunktur 958
12. ÁRMÓT SAUÐÁR OG JÖKULSÁR Á BRÚ

Suður-Múlasýsla

13. ÞRÁNDARJÖKULL, hæðarpunktur 1248
14. HÖFSJÖKULL, hæðarpunktur 1190, sýslumörk

Austur-Skaftafellssýsla

15. EFSTAFELL, hæðarpunktur 1275
16. MÁFABYGGÐIR, hæðarpunktur 1440
17. FREMRIMENN, hæðarpunktur 834

Vestur-Skaftafellssýsla

18. HOLTASKER, hæðarpunktur 834
19. LEIÐÓLFSFELL, hæðarpunktur 548
20. EINHÝRNINGUR, hæðarpunktur 684
21. SANDFELL, hæðarpunktur 597

Rangárvallasýsla

22. ENTA, hæðarpunktur 1350
23. HEKLA, hæðarpunktur 1491
24. HRAUNFJARFOSS Í TUNGNAÁ

Árnessýsla

25. LAMBAFELL, hæðarpunktur 714
26. BLÁFELL, hæðarpunktur 1204
27. ELDBORGIR Í LAMBAHRAUNI, hæðarpunktur 678, hreppamörk
28. SKJALDBREIÐUR, hæðarpunktur 1060, bein lína í hnit 1

Undantekning er þó gerð að því er varðar minkaveiðar (A) í Herðubreiðarfríðland, sbr. auglýst mörk fríðlandsins í auglýsingu nr. 272/1974 í B-deild Stjórnartíðinda og (B) í Veiðivötnum í Rangárvallasýslu, á svæði sem takmarkast af eftirfarandi hnitum:

- I. HÖFSVAÐ í Tungnaá
- II. FONTUR, hæðarpunktur 738
- III. TUNGNAÁ við Jökulvatn (Jökullón) með vesturbakka Tungnaár í hnit I.

Reglugerð um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Villt dýr: allir fuglar og spendýr, önnur en selir hvalir, gæludýr og bústofn. Dýr, sem er handsamað og haft í haldi, telst villt.

Veiðar: að handsama eða drepa villt dýr þegar um er að ræða fuglaveiðar er einnig átt við eggjatöku.

Tjón af völdum villtra dýra: fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfænaðar og tjón á náttúru landsins.

2. gr.

Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, sbr. lög nr. 64/1994, skulu afla sér veiðikorts. Veiðikort þarf ekki til eggjatöku.

Embætti veiðistjóra annast útgáfu veiðikorta.

3. gr.

Veiðikort veitir handhafa þess rétt til að stunda veiðar á villtum dýrum á Íslandi og í íslenskrí efnahagslögsögu.

4. gr.

Gefa skal út þrens konar veiðikort; almennt veiðikort, hlunnindakort fyrir þá sem eingöngu ætla að nýta hlunnindi sem þeir hafa rétt á að nýta (sbr. 18. gr. laga nr. 64/1994) eða til að verjast tjóni af völdum villtra dýra, og almennt veiði- og hlunnindakort, enda eigi korthafi rétt á almennu veiðikorti samkvæmt ákvæðum 9. og 11 gr. þessarar reglugerðar.

Einungis handhafar veiðikorta mega stunda skotveiðar, enda hafi þeir skotvopnaleyfi hér á landi.

Veidikort skal veidimaður bera á sér á veiðum, ásamt fullnægjandi persónuskilríkjum. Landeigandi sem veitir heimild til veiða á sínu landi skal ganga úr skugga um að veidimaður hafi gilt veiðikort.

5. gr.

Ábúendur hlunnindajarða og aðrir rétthafar hefðbundinna hlunninda sem nýta vilja hlunnindi býlanna eða verjast tjóni af völdum villtra dýra geta einir sótt um hlunnindakort eða almennt veiði- og hlunnindakort. Hvert hlunnindakort skal gefið út á nafn eins ábúenda lögbýlis eða rétthafa hlunninda og er hann handhafi kortsins. Ef hlunnindum lögbýla hefur verið skipt formlega skal hver rétthafi hlunninda sækja um hlunnindakort.

Hlunnindakort gilda fyrir eiganda eða ábúanda og það fólk sem honum er nauðsynlegt að hafa með sér við nýtingu hlunninda og verjast tjóni af völdum villtra dýra. Handhafi hlunnindakorts er ábyrgur fyrir framkvæmd veiðanna og að sjá um að útfylla veiðiskýrslu.

Sé hlunnindaréttur í eigu sveitarfélags, hlutafélags eða félagsamtaka þarf hver frá sér nýtir hlunnindi að hafa hlunnindakort og skila veiðiskýrslu.

Þegar hlunnindaréttur er í eigu sveitarfélags er veiðistjóra heimilt með sérstökum samningi að fela sveitarstjórn útgáfu hlunnindakorta sbr. 4. gr. til þeirra sem hlunnindin nýta, innheimtu gjalda fyrir hlunnindakort skv. 6. gr. og skil á veiðiskýrslum skv. 7. og 8. grein.

Við útgáfu hlunnindakorts skal ávallt liggja fyrir staðfesting á rétti umsækjanda til hlunnindanýtingar og skal eigandi afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar eða sýslumanns á rétti sínum.

Gjald fyrir hlunnindakort og almennt veiði- og hlunnindakort skal vera hið sama og fyrir almennt veiðikort og um endurnýjun þess gilda sömu reglur.

6. gr.

Veidikort gildir að jafnaði í eitt ár í senn frá 1. apríl ár hvert. Árlegt gjald fyrir veiðikort skal vera fimmtánhundrað krónur. Gjald þetta skal taka breytingum í samræmi við framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands eins og hún er 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 5/1984.

Gjald fyrir veiðikort skal renna í sjóð sem notaður skal til að greiða fyrir umsýslu á veiðikortum, rannsóknna og stýringar á stofnum villtra dýra. Umhverfisráðherra ákveður hvernig sjóðnum skuli varið.

7. gr.

Veiðistjóraembættið leggur til eyðublöð fyrir veiðiskýrslu og umsókn um veiðikort sem send skulu í upphafi hvers árs til allra handhafa veiðikorta í landinu.

Í umsókn um veiðikort skal skrá nafn handhafa, kennitölu hans, heimilisfang og tegundir dýra sem handhafi óskar eftir að fá heimild til að veiða.

Sá sem óskar eftir að fá veiðikort sitt endurnýjað útfyllir og skrifar undir umsókn þess efnis, fyllir út veiðiskýrslu og sendir hvort tveggja til veiðistjóraembættisins. Þar er veiðiskýrslan skilin frá umsókninni og veiðimanni sent nýtt kort gegn póströfðu.

Veiðistjóraembætti skal óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman nafn korthafa og veiðiskýrslu hans.

Í veiðikorti skal koma fram nafn handhafa, kennitala hans, heimilisfang og þær tegundir dýra sem kortið veitir heimild til að veiða.

8. gr.

Veidimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiárinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði. Veiðiár telst vera frá 1. janúar til 31. desember.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti.

Handahafa veiðikorta ber að skila veiðiskýrslu þótt ekki sé ósk að endurnýjunar á veiðikorti.

9. gr.

Rétt til að fá veiðikort öðlast menn sem hafa náð fullnægjandi árangri á hæfnisprófi fyrir verðandi veiðimenn sem umhverfisráðuneytið lætur halda árlega eða oftár í samvinnu við veiðistjóra.

Á hæfnisprófi (veiðiprófi) skal m.a. könnuð þekking manna á undirstöðuatriðum í stofnvistfræði, náttúruvernd, dýravernd, greiningu fugla og spendýra, hlunnindanýtingu, veiðisíðfræði, þekkingu manna á meðferð veiðitækja, sem og í lögum og reglum um ofangreind atriði. Umhverfisráðuneytið lætur útbúa námsefni fyrir hæfnispróf í samvinnu við veiðistjóra.

Umhverfisráðuneytið gengst fyrir námsскеiðum eða felur öðrum framkvæmd og umsjón hæfnisprófa og námsкеiða. Heimilt er að fella þessa fræðslu inn í námsкеið fyrir umsækjendur um byssuleyfi með samvinnu við lögregluþyrirvöld.

Líði 10 ár án þess að veiðikort sé endurnýjað þarf umsækjandi að gangast undir hæfnispróf að nýju og ná þar fullnægjandi árangri áður en nýtt veiðikort er gefið út.

10. gr.

Erlendir ríkisborgarar, sem ekki hafa lögheimili hér á landi, geta fengið veiðikort sem gildir skemur en eitt ár og stundað veiðar á eignarlöndum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- i. Viðkomandi hafi sambærileg réttindi til veiða í sínu heimalandi og krafist er hér að mati veiðistjóra, svo sem veiðikort eða heimild til veiða.
- ii. Viðkomandi hafi fullnægjandi þekkingu á þeim reglum sem gilda hér á landi um veiðar á villtum dýrum.

Þeir sem sækja um veiðikort samkvæmt 1. mgr. skulu sýna fram á að þeir uppfylli skilyrði laga um skotvopn, sprengiefni og skoteldar nr. 46/1977 með áorðnum breytingum og reglugerða settum samkvæmt þeim áður en þeir fá veiðikort afhent.

Fylgi útgáfu veiðikorta skv. þessari grein aukin vinna fyrir veiðistjóra er honum heimilt að taka gjald fyrir hana sem nemur kr. 3.500 á klukkustund.

Veiðistjóri getur telji hann ástæðu til sett sem skilyrði að handhafi veiðikorts skv. þessari grein sé í fylgd manns sem hefur gilt veiðikort og lögheimili hér á landi.

Fyrir brottför af landinu skal handhafi veiðikorts samkvæmt 1. mgr. skila veiðiskýrslu, óháð því hver veiði hans var.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. laga nr. 64/1994.

Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varðar refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á ákvæðum reglugerðarinnar. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940.

12. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerðin tekur gildi þegar við birtingu hennar og um leið falla úr gildi eldri reglugerðir sem fjalla um veiðikort og settar eru á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Ákvæði til bráðabirgða: Þeir sem hafa skotvopnaleyfi eða eru handhafar veiðiréttar eða hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994 eiga rétt á veiðikorti skv. 4. gr. án þess að taka veiðipróf sæki þeir um slíkt fyrir 1. apríl 1996. Að öðrum kosti gilda um þá ákvæði 9. greinar reglugerðarinnar.

Umhverfisráðuneytið, 23. maí 1995

Guðmundur Bjarnason
Magnús Jóhannesson

Alhliða prentþjónusta!

- ✓ Hönnun
- ✓ Umbrot
- ✓ Litgreining
- ✓ Filmmuvinnsla
- ✓ Litprentun
- ✓ Bókband
- ✓ Bókaútgáfa
- ✓ Tölvupappír
- ✓ Pappírssala



Glerárgötu 26 • 600 Akureyri
Símar: 462-2500 & 462-4966
Fax: 462-7666

Reglugerð um stjórn hreindýraveiða

1. gr.

Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem um ræðir í reglum þessum.

2. gr.

Nú telur umhverfisráðuneytið, að fenginni umsögn veiðistjóra og hreindýraráðs skv. 3. gr., að hreindýrastofninn sé það stór, að honum stafi ekki hættu af veiðum, og skal veiðum þá hagað með þeim hætti sem segir í reglugerð þessari.

3. gr.

Umhverfisráðherra skipar 5 menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Þeir skulu skipaðir með þessum hætti:

Búnaðarsamband Austurlands tilnefnir tvo. Búnaðarsamband A.-Skaftafellssýslu tilnefnir einn. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi tilnefnir einn. Umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar, og er hann formaður hreindýraráðs. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Veiðistjóri situr fundi hreindýraráðs með málfrelsi og tillögu-rétt.

4. gr.

Hlutverk hreindýraráðs er að hafa fyrir hönd umhverfisráðherra umsjón með því að reglugerð þessari sé fylgt.

Þá er og hlutverk hreindýraráðs:

1. Að vera umhverfisráðherra til ráðgjafar við hvaðeina er við kemur friðun, vernd, nýtingu og rannsóknnum á hreindýrastofninum, sbr. 2. gr.

2. Að sjá um sölu veiðileyfa, sbr. 9. gr.
3. Að útvega hæfa eftirlitsmenn með hreindýraveiðum, sbr. 13. gr.
4. Að skipta veiðiheimildum milli sveitarfélaga, sbr. 6. gr.
5. Að skipta arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra milli sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 10. gr.

Hreindýraráði er heimilt að semja við tiltekna aðila um skrifstofuhald fyrir ráðið þar sem sala veiðileyfa og önnur starfsemi á vegum ráðsins geti farið fram. Ef hentugra þykir getur ráðið sjálft starfrækt slíka skrifstofu.

5. gr.

Veiðistjóraembættið stundar hagnýtar rannsóknir á vistfræði hreindýra og stofnstærð. Það leggur faglegt mat á landfræðileg mörk veiðisvæða og æskilegan fjölda dýra á hverju svæði.

6. gr.

Umhverfisráðherra ákveður og auglýsir fyrir 20. júlí ár hvert, hve mörg hreindýr megi veiða og hvernig veiðum skuli skipt eftir svæðum, aldri og kyni dýra, að fengnum tillögum veiðistjóra og hreindýraráðs.

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum milli sveitarfélaga með hliðsjón af ágangi hreindýra.

Veiðitími er frá 1. ágúst til 15. september ár hvert. Þó má veiða tarfa frá 20. júlí ef hreindýraráð og veiðistjóri telja það æskilegt. Þess skal vandlega gætt að þessar tarfaveiðar truflí ekki kýr né kálfa.

Ef ekki tekst á veiðitímanum að veiða nægilega mörg dýr til þess að stofnstærð verði innan fyrirhugaðra marka getur umhverfisráðherra heimilað hreindýraveiðar í nóvember og desember. Hreindýraráð sér alfarið um þær veiðar, ber af þeim allan kostnað og nýtur arðs ef einhver er.

Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar utan veiðitíma í vísindaskyni að fenginni umsögn hreindýraráðs og veiðistjóra.

Veiðistjóri og hreindýraráð geta hvenær sem er látið fella sjúk eða særð dýr og dýr sem af einhverri annarri ástæðu eiga sér ekki lífs von.

7. gr.

Eignarréttur eða afnotaréttur á landi, þar sem hreindýra halda sig, veitir ekki rétt til veiða á dýrunum.

8. gr.

Sveitarfélag sem fengið hefur úthlutað veiðiheimildum skv. 6. gr. getur valið eina eða fleiri eftirtalinnna leiða við ráðstöfun veiðiheimilda sinna:

1. Að ráða eftirlitsmann hreindýra, skv. 13. gr., til þess að veiða upp í heimildir.
2. Að skipta veiðiheimildum milli íbúa sveitarfélagsins með hliðsjón af ágangi hreindýra.
3. Að afhenda hreindýraráði veiðiheimildir sínar til sölu á almennum markaði.

Velji sveitarfélag 1. eða 2. kost skal það greiða hreindýraráði leyfisgjald af hverju veiðileyfi skv. ákvörðun umhverfisráðuneytis, til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir og starfsemi ráðsins.

Velji sveitarfélag 3. kost hlýtur það arð af sölu veiðileyfa að fradregnum kostnaði af starfsemi hreindýraráðs, sbr. 10 gr.

Veiðar samkvæmt veiðiheimildum hvers sveitarfélags, þ. á m. veiðiheimildum sem afhentar hafa verið hreindýraráði, geta farið fram hvar sem hreindýr á viðkomandi svæði halda sig á veiðitímanum, utan friðlanda hreindýra. Þó getur hreindýraráð takmarkað veiðisvæði frekar að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórna.

9. gr.

Hreindýraráð skal kappkosta að selja þau veiðileyfi sem sveitarfélög afhenda því, gegn gjaldi sem það ákveður og getur það verið breytilegt eftir svæðum, kyni og aldri dýra.

Hreindýraráði er heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímann á hverju svæði.

Takist ekki að selja öll veiðileyfi skal hreindýraráð ráða eftirlitsmenn með hreindýraveiðum til þess að veiða upp í heimildir, ef kostur er og þurfa þykir.

10. gr.

Hreindýraráð sér um árlagt uppgjör tekna og gjalda vegna reksturs, sölu veiðileyfa og hreindýraafurða og vegna leyfisgjalda. Tekjur umfram gjöld teljast arður.

Umhverfisráðherra ákveður árlega, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis og hreindýraráðs, hve stórum hluta arðs skuli varið til rannsókna á hreindýrastofninum, sbr. 5. gr. og greiðir hreindýraráð þá upphæð inn á reikning veiðistjóraembættis.

Að öðru leyti skiptir hreindýraráð arði milli sveitarfélaga í samræmi við fjölda veiðiheimilda, sem stjórnir þeirra hafa afhent hreindýraráði, í samræmi við verðlag á seldum veiðiheimildum úr viðkomandi hjörd svo og kostnað við að veiða þau dýr sem ekki nást með sölu veiðileyfa.

Skal sveitarstjórn fyrst og fremst láta þá bændur og aðra, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á lönd sín, njóta arðs af veiðunum. Þó er óheimilt að láta arð af hreindýraveiðum ganga til þeirra eigenda eða umráðamanna, sem ekki heimila hreindýraveiðar á sínu landi skv. reglum þessum.

Ákveði sveitarstjórn að ráðstafa arði af hreindýrum fyrirfram með því að skipta veiðiheimildum milli íbúa sveitarfélagsins, getur íbúi falið sveitarstjórn að afhenda hreindýraráði veiðiheimildir sínar til sölu. Hlýtur hann þá arð í samræmi við það að frádregnu leyfisgjaldi til hreindýraráðs, sbr. 8. gr., sem sveitarsjóður þarf þá ekki að greiða. Taki íbúi út fyrirfram greiddan arð með því að veiða hreindýr sjálfur í fylgd hreindýraeftirlitsmanns eða fái hann eftirlitsmann til þess að gera það fyrir sig, er sveitarsjóði heimilt að krefja hann um þá upphæð er nemur leyfisgjaldi til hreindýraráðs.

Sveitarstjórnir skulu árlega senda hreindýraráði skýrslu um arðgreiðslur til landeigenda þar sem fram komi hvernig arði var skipt milli aðila og hverjar reglur hafi verið lagðar þar til grundvallar. Skal hreindýraráð ef þurfa þykir hlutast til um að koma reglu á arðgreiðslur einstakra sveitarstjórna.

11. gr.

Sá einn getur fengið leyfi til þess að veiða hreindýr sem hefur veiðikort og heimild lögreglu til þess að nota skotvopn af rétttri stærð, sbr. 12. gr.

Veiðileyfi skal gefið út á nafn veiðimanns og er ekki framseljanlegt til þriðja aðila, nema til hreindýraráðs. Veiðileyfishafa eru hreindýraveiðar óheimilar nema í fylgd eftirlitsmanns.

Fellt hreindýr er eign veiðileyfishafa og ber hann ábyrgð á að koma því til byggða með aðstoð eftirlitsmanns með hreindýraveiðum, sbr. 13. gr.

Hreindýraráði er heimilt að takmarka fjölda veiðileyfa sem seld eru hverjum veiðimanni.

Óheimilt er að selja hreindýrakjöt nema það hafi verið heilbrigðissskodað og stimplað af dýralækni.

12. gr.

Til veiða á hreindýrum má einungis nota riffla með hlaupvið 6 mm eða meira. Kúluþyngd skal ekki vera minni en 6,5 g (100 grains) og slagkraftur ekki minni en 180 kgm (1300 pundfet) á 200 metra færi. Veiðikúlur skulu vera gerðar til veiða á stærri dýrum, þ.e.a.s. þenjust hæfilega út í veiðibráð. Óheimilt er að nota sjálfvirka eða hálf sjálfvirka riffla við hreindýraveiðar. Fyrir upphaf veiðiferðar skal gengið úr skugga um að riffill sé rétt stilltur.

Óheimilt er veiðimanni að skjóta frá vélknúnu farartæki og ekki má smala hreindýrum á ákveðinn veiðistað.

Sært dýr ber að aflífa svo fljótt sem audið er.

13. gr.

Hreindýraráð veitir eftirlitsmönnum með hreindýraveiðum starfsleyfi til allt að þriggja ára í senn að fengnu samþykki veiðistjóra.

Til þess að geta gætt starfsleyfi sem eftirlitsmaður með hreindýraveiðum þarf umsækjandi að leggja fram eftirfarandi:

1. Skotvopnaleyfi í samræmi við 11. gr.
2. Staðfestingu a.m.k. tveggja eftirlitsmanna með hreindýraveiðum um reynslu umsækjanda af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.
3. Staðfesting viðkomandi sveitarstjórna um staðgóða þekkingu á veiðisvæði þar sem sótt er um starfsleyfi.
4. Staðfestingu á þátttöku í námskeiðum í (a) líffræði, vistfræði og náttúruvernd með sérstöku tilliti til hreindýra, (b) náttúruverndarlögum, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, reglugerð um hreindýraveiðar og öðrum lögum sem máli skipta, (c) leiðsögn, (d) skyndihjálp, (e) meðferð skotvopna og (f) veiði villtra dýra og síðfræði og síðareglum veiðimanna.

Ef þurfa þykir hlutast hreindýraráð til um að námskeið skv. 4. tl. verði haldin.

Þátttaka í námskeiðum um skyndihjálp og meðferð skotvopna þarf að hafa átt sér stað á síðastliðnum þremur árum fyrir útgáfu starfsleyfis.

Í byrjun fær eftirlitsmaður starfsleyfi sem gildir í eitt ár.

Hreindýraráð getur fyrirvaralaust svipt eftirlitsmann starfsleyfi tímabundið ef grunur leikur á að hann hafi brotið gegn reglum þessum.

Hlutverk eftirlitsmanns með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum til þess að þekkjja þau dýr sem hann má veiða og sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar.

Eftirlitsmaður með hreindýraveiðum skal aðstoða veiðimann við að gera að felldu dýri og koma því óskemmdu til byggða.

Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum ber að sjá til þess að sært dýr sé fellt sem fyrst.

Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum er skylt að gefa hreindýraráði og veiðistjóraembætti skýrslu um öll felld og særd dýr og skal skýrslan undirrituð af bæði eftirlitsmanni og veiðileyfshafa. Eftirlitsmanni með hreindýraveiðum er einnig skylt að afla sýna eða annarra líffræðilegra gagna fyrir veiðistjóraembættið sé farið fram á það.

Starfsleyfi eftirlitsmanns með hreindýraveiðum skal bundið við tiltekið veiðisvæði og getur hann mest fylgt þrem veiðimönnum í veiðiferð.

Eftirlitsmaður með hreindýraveiðum er trúnaðarmaður hreindýraráðs. Hreindýraráð innheimtir laun hans af veiðimanni eða sveitarfélagi ef hann óskar þess.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða varðhaldi. Mál út af slíkum brotum sæta meðferð opinberra mála.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal reglur þessar með hliðsjón af fenginni reynslu og skal endurskoðun lokið eigi síðar en 1. júní 1996.

Umhverfisráðuneytið, 13.7.1994

Össur Skarphéðinsson
Ingimar Sigurðsson

Dagatal veiðimanna 1996

JANÚAR						
S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

FEBRÚAR						
S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29		

MARS						
S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

APRÍL						
S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

MAÍ						
S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

JÚNÍ						
S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

JÚLÍ						
S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

ÁGÚST						
S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

SEPTEMBER						
S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

OKTÓBER						
S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

NÓVEMBER						
S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

DESEMBER						
S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Veiðistaður: _____ Dags.: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Veður: _____
 Aðrar upplýsingar: _____

Tegund	KK		KVK		Samtals
	ungf.	fullo.	ungf.	fullo.	

Veiðistaður: _____ Dags.: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Veður: _____
 Aðrar upplýsingar: _____

Tegund	KK		KVK		Samtals
	ungf.	fullo.	ungf.	fullo.	

Veðiastaður: _____ Dags.: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Veður: _____

 Aðrar upplýsingar: _____

Tegund	KK		KVK		Samtals
	ungf.	fullo.	ungf.	fullo.	

Veðiastaður: _____ Dags.: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Veður: _____

 Aðrar upplýsingar: _____

Tegund	KK		KVK		Samtals
	ungf.	fullo.	ungf.	fullo.	

Veðiastaður: _____ Dags.: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Veður: _____

 Aðrar upplýsingar: _____

Tegund	KK		KVK		Samtals
	ungf.	fullo.	ungf.	fullo.	

Veðiastaður: _____ Dags.: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Veður: _____

 Aðrar upplýsingar: _____

Tegund	KK		KVK		Samtals
	ungf.	fullo.	ungf.	fullo.	

Veiðistaður: _____ Dags.: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Veður: _____

 Aðrar upplýsingar: _____

Tegund	KK		KVK		Samtals
	ungf.	fullo.	ungf.	fullo.	

Veiðistaður: _____ Dags.: _____
 Landeigandi: _____ Sími: _____
 Veður: _____

 Aðrar upplýsingar: _____

Tegund	KK		KVK		Samtals
	ungf.	fullo.	ungf.	fullo.	

Tegund	KK		KVK		Samtals
	ungf.	fullo.	ungf.	fullo.	
Sílamáfur					
Silfur máfur					
Hvít máfur					
Hettumáfur					
Helsingi					
Blesgæs					
Heiðagæs					
Grágæs					
Toppönd					
Hávella					
Skúfönd					
Stökkönd					
Urtönd					
Rauðhöfðaönd					
Duggönd					
Ríta					
Fýll					
Súla (ungar)					
Dílaskarfur					
Toppskarfur					
Álka					
Langvía					
Stuttnefja					
Teista					
Lundi					
Rjúpa					
Hrafn					
Kjói					
Tófa					
Minkur					
Hreindýr					

Stökkönd



Fullorðinn steggur á flugi.

Endur



Fullorðin kolla á flugi.

Skúfönd



Fullorðinn steggur, felubúningur: Hvítt vængbælti eins og duggönd en svart bak.



Kolla á flugi.

Duggönd



Fullorðinn steggur á flugi. Hvít vængbælti og líkist skúfönd að undanskildu gráu baki.



Fullorðin kolla á flugi.

Hávella



Steggur á flugi: Dökkir vængir, svört bringa og bakrák.

Kolla á flugi: Dökkir vængir og hvít að neðan.

Urtönd



Fullorðinn steggur á flugi: Hvítir jaðrar á grænum spegli, hvíti framjaðarinn er cinkar greinilegur á dökkum vængnum.

Fullorðin kolla á flugi: Hvítur framjaðar á spegli (eins og á stegg) oft sýnilegur.

Toppönd



Fullorðin kolla á flugi.

Fullorðinn steggur á flugi: Allir fuglar eru áberandi flatir og langir á flugi og blikinn er hvitari á væng en kollan. Samanborið við Toppönd í felubúningi hefur hann m.a. dökkt bringubælti.

Rauðhöfðaönd



Steggur á flugi: Stór, hvítur vængreitir sést greinilega, einnig í fjarlægð.

Kolla á flugi: Nær einlit, að undanskildum hvítum kviði eins og á blikanum.

Tekið úr bókinni „Fuglar á Íslandi og öðrum eyjum í Norður-Atlantshafi“ eftir Sören Sörensen og Dorete Bloch. Teikningar eftir Steen Langvad. Þýtt af Erling Ólafssyni. Birt með leyfi Bókautgáfunnar Skjaldborgar.




Fyrir



veiðimanninn

VESTURRÖST LAUGAVEGI 178 • 105 REYKJAVÍK
SÍMI 551 6770 - 581 4455 - 553 3380



Veiðihúsið

WINCHESTER

*Traust veiðimannsins
á aðra öld*

